

## Fundargerð fulltrúaráðs

\*\*\*\*\*

80. fundur fulltrúaráðs Brunavarna Árnassýslu (BÁ) haldinn mánudaginn 22. desember, 2009 kl. 12.00 í Slökkvistöð Selfossi

**Mættir: Margrét K. Erlingsdóttir, Margrét Sigurðardóttir, Snæbjörn Sigurðsson, Ingvar G. Ingvarsson, Ólafur Leifsson og Eypór Arnalds.**

**Einnig mætti á fundinn:**

**Einar Sveinbjörnsson löggiltur endurskoðandi KPMG á Selfossi og Kristján Einarsson, slökkviliðsstjóri sem ritaði fundargerð**

### **Efni fundarins var eftirfarandi:**

#### 1. Reikningur 2008

Einar Sveinbjörnsson, endurskoðandi frá KPMG skýrði reikninga ásamt slökkviliðsstjóra.

Helstu niðurstöður eru þessar;

#### **Rekstrarreikningur:**

Rekstrartekjur	96.260.294 kr.
Rekstrarkostnaður	76.223.191 kr.
Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur	16.658.796 kr.
Rekstrarniðurstaða tekjur umfram gjöld	3.378.310 kr.

#### **Efnahagsreikningur:**

Fastafjármunir	84.285.822 kr.
Veltufjármunir	61.619.067 kr.
Eignir samtals	145.904.889 kr.
Eigið fé	20.405.428 kr.
Lífeyrisskuldbindingar	27.134.493 kr.
Langtímaskuldir	78.396.063 kr.
Skammtímaskuldir	19.968.905 kr.
Skuldir og skuldbindingar samtals	125.499.461 kr.

#### **Yfirlit um sjóðstreymi:**

Veltufé frá rekstri	26.503.360 kr.
Fjárfestingahreyfingar	( 36.247.188 kr.)
Fjármögnunarahreyfingar	38.363.943 kr.
Hækkun á handbæru fé	14.761.723 kr.
Handbært fé í árslok	30.882.352 kr.

### **Reikningur staðfestur samhljóða**

## 2. Samþykktir BÁ

Slökkviliðsstjóri greindi frá því að öll sveitarfélögin nema tvo sem standa að BÁ hafi sent inn samþykki sitt vegna nýrra samþykktanna sem urðu til vegna inngöngu Ölfus í Brunavarnir Árnessýslu.

**Slökkviliðsmönnum Ölfus sem og aðrir íbúar boðnir velkomnir til samstarfs.**

## 3. Brunavarnaáætlun BÁ

Fulltrúar gerðu ekki athugasemdir við framlögð drög.

Fram kom að BR vill að Þorlákshöfn verði unnin inn í skýrslu BÁ.

**Samþykkt að vinna verkið sem fyrst.**

## 4. Önnur mál

### a) Viðræður við bæjarstjóra og bæjarfulltrúa Hveragerðisbæjar

Formaður og slökkviliðsstjóri greindu frá viðræðum við fulltrúa Hveragerðisbæjar um samstarf liðanna vegna sameiningar Ölfus í BÁ. Klippuvinna á vestursvæði Suðurlandsvegur var m.a. það sem rætt var. Einnig m.a. umræður um eldvarnaeftirlit.

Formaður og slökkviliðsstjóri voru sammála um að fundurinn hafi verið þarfur gagnlegur í ljósi þeirra miklu breytinga sem framundan eru á starfssvæði slökkviliðanna.

**Samþykkt að fela stjórn BÁ að senda bæjarstjórn Hveragerðis erindi í ljósi umræðna á fundinum.**

### b) Rekstrarmál

Farið var yfir ýmis rekstrar og starfsmannamál.

**Samþykkt að stjórn BÁ vinni frekar að þeim málum á næsta fundi sínum.**

**Ekki fleira gert og fundi slitið kl. 14.15**

**Margrét K. Erlingsdóttir, Snæbjörn Sigurðsson, Ingvar G. Ingvarsson  
Margrét Sigurðardóttir, Ólafur F. Leifsson, Eyþór Arnalds,  
Kristján Einarsson.**